



## Þakkarorð vegna Snorragjafar.

Það er mér sérstök ánægja að taka á móti þessari höfðinglegu gjöf til Snorrastofu í Reykholti.

Ég mun afhenda hana forráðamönnum Reykholtis þegar við komum aftur til Íslands.

Við Íslendingar metum mikils þann stórhug sem Norðmenn hafa sýnt við uppbyggingu Snorrastofu í Reykholti allt frá því að Ólafur krónprins heimsótti Reykholt í árdaga íslenska lýðveldisins, en á þessu ári verða liðin 50 ár frá því Ólafur krónprins kom til Reykholtis.

Við Guðrún Katrín heimsóttum Reykholt fyrir rúmri viku áður en við lögðum af stað til Noregs, sóttum þar guðspjónustu og ræddum við heimamenn um framtíðaráform um uppbyggingu staðarins, áformum um að halda veglega á lofti verkum Snorra Sturlusonar.

Jafnframt vorum við beðin að flytja Haraldi konungi, Sonju Drottningu og norsku þjóðinni kveðjur íbúa Reykholtssveitar. Þær kveðjur frá Reykholti flyt ég hér á ný.

Á nýrri öld verður enn mikilvægara en áður að varðveita rætur okkar í sögu og menningu. Þar tengja verk Snorra Sturlusonar okkur Norðmenn og Íslendinga saman með ævarandi böndum.

Það er mikilvægt að byggja upp í Reykholti aðstöðu til að kynna verk Snorra Sturlusonar nýjum kynslóðum Norðmanna og Íslendinga og öðrum sem þangað koma í heimsóknir til fróðleiks og jafnvel í það sem kalla má píligrímsferðir.

Við Íslendingar metum mikils góðan vilja Norðmanna til að taka þátt í því starfi. Slík samvinna er í anda vináttu okkar og frændsemi.

Ég færi ykkur á ný kærar þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Henni verður vel fagnað á heimaslóðum Snorra í Reykholti.

Hjartans þakkir.